

Landlínur ehf
Ása S. Harðardóttir,
landfræðingur MS
Borgarbraut 61
310 Borgarnes

Umhverfisstofnun
Áb. _____
17 SEPT. 2009
54.22
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. september 2009
Tilvísun: UST20090500110/ksj

Tillaga að aðalskipulagi Borgarbyggðar 2008 - 2020

Vísað er til erindis Landlína ehf. er barst Umhverfisstofnun 26. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Borgarbyggðar 2008 - 2020
Umhverfisstofnun tekur undir stefnu aðalskipulagstillögunnar varðandi hverfisvernd.
Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við aðalskipulagstillöguna.

Stefnumörkun skipulagsáætlunar um frístundabyggð

Í umfjöllun um frístundabyggð kemur fram að heimilt verði að endurbyggja gömul frístundahús sem eru innan 50 m frá vatnsbakka (ár, stöðuvötn og sjór) sé grunnflötur og mænishæð húss sambærilegt því sem fyrir var. Umhverfisstofnun telur æskilegt að eldri frístundahús sem standa nær á-, vatns-, eða sjávarbakka en 50 m, séu flutt til áður en til endurbyggingar kemur, enda kemur fram í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 grein 4.15 **Vötn, ár eða sjór** að: „*Almennt skal ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.*“

Hverfisverndarsvæði

Almenn umfjöllun

Í umfjöllun um vistfræðileg gildi, kemur fram að gæta skuli þess að vistkerfi votlendissvæði verði ekki raskað með framkvæmdum. Síðan segir: „*Ekki er heimilt að ræsa fram svæði vegna framkvæmda á votlendissvæðum nema með leyfi sveitastjórnar.*“ Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun votlendis. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að gera grein fyrir þessu ákvæði í skipulaginu.


Hvanneyri - skipulagsáætlun


Í umfjöllun um stefnumörkun skipulagsáætlunar er eftirfarandi markmið: „*Votlendissvæðin verði gerð aðgengileg til útivistar.*“ Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram í greinargerðinni hvernig áætlað er að ná ofangreindu takmarki, þar sem votlendi 3 hektarar

eða stærra er eitt af þeim lykilvistkerfum sem eru undir sérstakri vernd 37. greinar laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og ber að forðast rask þess eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir einnig á að Hvanneyrarjörðin er friðlýst sem búsvæði blesgæsar í samræmi við 3. tölulið 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, í samræmi við samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971 sbr. Stj. tíð. C17/1993 og samninginn um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeiró) sbr. Stj. tíð. C 3 /1995. Um svæðið gildir m.a. að: "Mannvirkjagerð og jarðrask á Hvanneyrarengjum er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

